

Kynning á WOLTZ snyrtivörum
í dag kl. 12.00–18.00
Regnhlífabúðin
Laugavegi 11
Förðunarmeistari farðar viðskiptavinina.

SNYRTIVÖRUR HF
Sundaborg 36

augljós

Eyjólfur Eyfells listmálari 100 ára


eftir Einar Þ. Guðjohnsen

Þann 6. júní sl. voru liðin 100 ár frá fæðingu Eyjólfs Eyfells listmálara. Í tilefni af því efna afkomendur hans til yfirlitssýningar á verkum hans á Kjarvalsstöðum.

Þessum línum er ekki ætlað að rifja upp æviatriði hans né heldur að dæma um list hans, heldur fyrst og fremst að rifja upp kynni mín af Eyjólfi Eyfells.

Ég man ekki nákvæmlega hvenær við hittumst fyrst, en það var eftir að ég hafði verið kosinn í stjórn Ferðafélags Íslands 1959 og gerðist framkvæmdastjóri þess félags 1963. Við Jóhannes Kolbeinsson þurftum að hafa mikil samskipti vegna starfa fyrir félagið, en Jóhannes hafði yfirumsjón með viðhaldi og byggingu skála félagsins á þeim árum og lengi síðan.

Jóhannes var húsgagnasmiður og vann við Austurbæjarskólann í Reykjavík. Aðsetur hans var í kompu uppi í risi skólans, og aðra slíka hafði Eyjólfur Eyfells við hlið hans en þar sat hann öllum stundum og málaði. Þá kom það stundum fyrir, er ég heimsótti Jóhannes í smíðakompu hans til skrafs og ráðagerða, að við litum inn til Eyjólfs og ræddum við hann. Þessar heimsóknir okkar trufluðu hann ekkert, því að hann hélt venjulega áfram að mála eða að sýsla við myndir sínar á annan hátt, en það eru mörg handtök við það að koma upp hverri mynd, ekki aðeins málaravinnan sjálf, listsköpunin.



Eyjólfur skenkir líkjör á Selatöngum vorið 1969.

Þarna fylgdist ég all vel með listsköpun Eyjólfs og oftast var búið að ráðstafa myndunum löngu áður en þær voru fullgerðar eða jafnvel að hann málaði eftir pöntun einhvers aðdáanda eða vinar. Eyjólfur átti því aldrei neitt safn af óseldum myndum. Hann verðlagði myndir sínar lágt, raunar alltof lágt, svo að allt fór jafn harðan og það þornaði á pappírnum eða léreftinu. Á seinni árunum vorum við stundum að reyna að áætla hvað Eyjólfur hefði málað margar myndir um dagana en það reyndist örðugt. Eyjólfur málaði ógrynni mynda enda var hann sístarfandi.

Eyjólfur var dýrkandi fegurðarinnar. Hann sótti fyrirmyndir sínar í íslenzka náttúru og málaði fallegar myndir af fallegu landslagi. Einnig var hann heillaður af hafinu og brimi, en hann lenti í sjávarháska á unga aldri undan Loftsstöðum í Flóa. Hann sá suma félaga sína hverfa í brimgarðinn en sjálfur komst hann á kjöl og hélt sér fast. Eyjólfur hélt handstyrk sínum til æviloka og varð aldrei skjálfhentur.

Í leit sinni að myndefni þurfti Eyjólfur að ferðast mikið og fara víða. Á efri árunum átti hann nokkra uppáhaldsstaði, sem hann leitaði til aftur og aftur. Þar var Þórsmörkin efst á blaði og þangað sótti hann efnið í fjölmargar Þórsmerkurmyndir sínar, enda var Eyjólfur Eyfellingur að uppruna og Þórsmörkin á hans heimasvæði. Af öðrum uppáhaldsstöðum má nefna Selatanga og Sandvík á Reykjanesskaganum, en þar gat hann oft málað tilkomumikið brim. Eyjólfur gerði frumdrög að myndunum á staðnum en fullvann þær svo í málarakompu sinni í Austurbæjarskólanum.

Eyjólfur hafði ferðast mikið með Ferðafélaginu áður en ég komst þar í framkvæmdastjórastöðu og hann hélt því áfram. Honum fannst hann vera í mikilli þakkarskuld við félagið fyrir að flytja sig til hinna mörgu fallegu staða í leit að myndefni, enda þótt hann að sjálfsögðu greiddi fyrir sig sem aðrir farþegar. Þessvegna færði hann félaginu eitt sinn stóra Þórsmerkurmynd að gjöf. Þessi mynd hékk lengi á afgreiðslu félagsins og var þar mikil ferðahvatning eins og reyndar allar myndir hans gerðar að einhverju leyti í ferðum félagsins. Ég reyndi að fá Eyjólf gerðan að kjörfélaga Ferðafélagsins en fékk það ekki samþykkt, almenn tregða var þá gegn slíku í félaginu. Þá gerði ég annað, sem ég spurði engan um. Eyjólfur varð heiðursfarþegi Ferðafélags Íslands. Hann fékk opinn farmiða og mátti koma frítt í hverja þá ferð sem hann óskaði. Jóhannes var hjartanlega sammála mér í þessari ráðstöfun og Eyjólfi þótti vænt um þennan verknað minn. Ég held að ég hafi aldrei sagt frá þessari ráðskun minni á stjórnarfundi en nokkrir fleiri í stjórninni vissu af þessu og þótti réttmætt.

Eyjólfur eignaðist glæsilega konu, Ingibjörgu Einarsdóttur (af Briemsætt) og talaði oft um hana af stolti og virðingu. Þau eignuðust 4 börn og mörg barnabörn og barnabarnabörn voru komin áður en þau létust. Eyjólfur gat með réttu verið stoltur af fjölskyldu sinni, sem ásamt málaralistinni var honum allt í þessu lífi.

Svo mikill fagurkeri sem Eyjólfur var vildi hann hafa vín sitt sætt og gott. Líkjörar af ýmsum gerðum voru hans eftirlætisdrykkir. Þessa drykki drakk hann fyrst og fremst vegna bragðsins en ekki vegna áhrifanna, enda var hann mikill hófsmaður í meðferð áfengis. Oft hafði Eyjólfur þessa brjóstbirtu sína með í ferðir eða veitti vinum sínum og ættingjum smátár í kompunni. Stundum komu líka þessir gestir færandi hendi.

Það varð siður hjá Eyjólfi að safna saman nokkrum vinum og ættingjum og efna til stuttra ferða, sem stundum urðu einskonar pílagrímsferðir. Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að vera með í mörgum þessarra ferða. Stundum var tilefnið afmælið hans 6. júní og var þá farið austur í Flóa, en Eyjólfur ólst upp í Súluholti í Flóa, eða jafnvel austur undir Eyjafjöll. Stundum var farið í byrjun apríl austur á strönd Flóans og farið niður á Loftsstaðafjöru, þar sem hann bjargaðist á land við illan leik 3. apríl 1905 eða 1906. Stundum var farið suður í rúst kapellunnar gegnt álverinu í Straumsvík í góðu tunglskinsveðri, tekið lag og veitt líkjörstár. Eyjólfur var eitthvað skyggn og varð var við notaleg áhrif í kapellunni. Í öllum þessum ferðum ríkti þægilegur andi og allir mátu það mikils að fá að vera með. Eyjólfur stjórnaði þessum ferðum sem sannur höfðingi, dyggilega studdur af fjölskyldu sinni.

Eyjólfur hélt reisn sinni, andlegri og líkamlegri, til æviloka umvafinn hlýju frá fjölskyldu sinni.

Ég met það mikils að hafa kynnst Eyjólfi Eyfells og hafa átt hann að vini.

Höfundur er fyrrverandi framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands og Útivistar.



Á TILBOÐI
Í KAUPFÉLÖGUNUM
OG DOMUS

JOGGING-
GALLAR
stærðir 2–4
1.990,-
stærðir 6–12
2.350,-